

ALMENNT

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014. Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar ferðabjónustu og aðstöðu henni tengdri við Skaftafell III- IV.

FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPULAGSGERÐAR

Skaftafell III-IV liggur sunnan við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli, fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði er í um 1500 metra fjarlægð. Skaftafell er einn af fjólsóttustu ferðamannastöðum landsins og er í aðalskipulagi skilgreint sem einn af megin seglum ferðabjónustu í sveitarfélaginu. Þar er þjónustumiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt fjölbreyttri þjónustu við ferðamenn svo sem verslun, gestastofa, bílastæði, göngustigar, tjaldstæði og áningastaðir.

Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu má áætla að helmingur erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2016, hafi komið í Skaftafell og er sömu sögu að segja yfir vetrarmánuðina en þá er talið að tæplega 28% erlendra ferðamanna hafi komið í Skaftafell og að Jökulsárlóni en einungis um þriðjungur þessara ferðamanna farið alla leið austur á Hornafjörð, eða tæp 17%. Í rannsókn gerð af Rögnavaldi Guðmundssvni árið 2016 kemur fram að hlutfallið milli gistinátta að sumri og vetri innan sveitarfélagsins hafi breyst mjög mikið en árið 2015 voru um 32% gistinátta utan sumars en einungis 9% árið 2004. Þessi aukning kallar á fjölbreyttari og frekari gistiþláss í sveitarfélaginu.

Markmið breytingar er að heimila uppbyggingu gistingar og íbúðar/starfsmannaíbúða og þjónustuhúsa, allt að 5.200 m² í landi Skaftafell III-IV til þess að auka þjónustu við þann fjölda ferðafólks sem kemur í Öræfin. Þessari breytingu er ætlað að styrkja þá þjónustu sem fyrir er við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli, m.a. að byggja upp aðstöðu fyrir starfsmenn sem vinna í ferðabjónustu innan og við þjóðgarðinn. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir Skaftafell m.s.br. eru heimildir fyrir smáum byggingum við gistiflatir og viðbót við þegar byggða þjónustumiðstöð. Húsnæði fyrir starfsfólk er ætlað fyrir starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðar ekki annarra ferðabjónustufyrirtækja.

Eitt af markmiðunum er að draga þjónustu sem ekki er tengd þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli frá sjálfri náttúruþerlunni en frekari uppbygging í landi Skaftafells myndi talin geta haft mikil áhrif á ásynnd og upplifun ferðamanna á svæðinu. Vatnajökulsþjóðgarður er að vinna atvinnustefnu m.a. fyrir Skaftafell en þar á að taka á því að of mikil umferð bíla og fólks er við þjónustumiðstöðina sem tengist einkareknum ferðabjónustufyrirtækjum sem hafa aðstöðu í húsum við þjónustumiðstöðina. Breytingin er því talin liður í að skapa aðstöðu rétt fyrir utan þennan vinsæla viðkomustað ferðamanna. Ekki svo langt frá Skaftafell III-IV er nú þegar þjónusta í Svínafelli og Freysnesi og sunnan við þjóðveginn er flugvöllur. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins mun þjóðvegurinn færast sunnar og liggja við Freysnes/Svínafell. Færsla vegarins gefur þá tækifæri til að skilgreina eldri hluta vegarins, þ.e. núverandi veg, sem ferðamannaveg þar sem uppbygging þjónustu nær allt frá Freysnesi/Svínafelli og inn að þjónustumiðstöð Skaftafells. Sveitarstjórn telur að þarna verði til framtíðar þungamiðja ferðabjónustunnar í Öræfum sem þjónusti svæðið og stærstu og fjólsóttustu ferðamannastaði sveitarfélagsins eins og Skaftafell og Jökulsárlón. Uppbyggingin er rétt fyrir utan þjóðgarðsmörkin en fjöldi ferðabjónustufyrirtækja veita þjónustu sem krefst viðveru í þjóðgarðinum eða skammt frá honum þessi breyting er því talin geta skapað aðstöðu fyrir einkarekin fyrirtæki og starfsmenn þeirra til framtíðar.

STADHÆTTIR OG AÐKOMA

Breytingin nær til um 15 ha svæðis sem liggur á nyrsta hluta svæðis sem afmarkast af Heiðarlæk til norðurs, þjóðvegi til austurs og varnargarði meðfram farveg Morsár/Skeiðarár til vestur. Fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði, við Skaftafell III-IV, liggur í tæplega 1500 metra fjarlægð frá þjónustumiðstöðinni við Skaftafell. Í gildandi aðalskipulagi Hornarfjarðar er landnotkun á svæðinu skógræktar- og landbúnaðarsvæði. Fyrirhugað er að aðkoma að svæðinu verði frá núverandi þjóðvegi sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi verður í flokknum „aðrir vegir“. Fyrirhugað er á skipulagstímabilinu að færa veginn. Sunnan (austan) við þjóðveginn er flugvöllurinn í Skaftafelli.

MINJAR

Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum en austan hringvegur er stálbiti úr Skeiðarárbrú sem komið var fyrir til minningar um jökulhlaupið 1996, sem kom niður nokkru vestrar. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að skráning minja sé ekki lokið fyrir allt sveitarfélagið. Eftirfarandi kemur fram í greinargerðinni:

„Sveitarfélagið mun í samráði við Minjastofnun Íslands vinna að skráningu fornleifa á skipulagstímabilinu. Skráningu verður áfangaðskipt og svæðum þar sem áform eru um mannvirkjagerð forgangsraðað fremst, t.d. þar sem áform eru um uppbyggingu miðstöðva og lykilstaða vegna ferðabjónustu.“

Skráning minja á þessu svæði sem breytingin tekur til skal gera á deiliskipulagsstigi. Ef áður óþekktar minjar koma í ljós skal tafarlaust haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

TAKMARKANIR

Vegna nálægðar við flugvöllinn í Freysnesi skal á deiliskipulagsstigi gera grein fyrir hindrunarflæti flugvallarins í samræmi við reglugerð nr. 464/2007.

TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu þessara breytinga hefur verið horft til eftirfarandi áætlaða:

LANDSSKIPULAGSSTEFNA ÍSLANDS
Í gildandi landsskipulagsstefnu kemur eftirfarandi fram í kafla 4.1 Ferðabjónusta á grunnri sérstöðu og umhverfisgæða:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðabjónustu. Skipulagsávarðanir um ferðabjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðabjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðabjónustuuppbygging nýstítt jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.“

Sérstaða Hornarfjarðar er að sveitarfélagið er landstórt þar sem Sveitarfélagið er auðugt af seglum í ferðabjónustunni sem hafa verið Skaftafell er eitt af þessum svæðum eins og fram hefur komið en svigrúm til frekari uppbyggingar og því er talið að Skaftafell III-IV sé þjónusta við ferðamenn og starfsfólk sem vinnur við ferðabjónustu :


Breytingin sem um ræðir er liður í því að dreifa ferðabjónustu í s' einhver samfella sé í þjónustunni á þeim svæðum sem þá festa ferð liður í að byggja upp húsnæði þar sem starfsmenn í ferðabjónustunni tíma. Breytingin er talin vera í samræmi við setta stefnu varðar landsskipulagsstefnunn.

STEFNA Í GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er stefnumarkmiðið eftirfarandi:

„Stefna Sveitarfélagsins Hornarfjarðar er að auka þátt ferðabjónustunnar og gert ráð fyrir hótélrekstri í sveitarfélaginu og að aðalskipulag stuði að því.“

„Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fj þjónustusvæði“. Þetta á meðal annars við um nokkra staði þar s' sveitum.“



Gildandi uppráttur - mkv.1:50.000

Stefna um uppbyggingu þessa er:

- *Að hún að hún falli að byggðarmynstri.*
- *Að hún sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.*
- *Að hún taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem ekki er byggð fyrir.*
- *Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds, úrlausnir séu ekki byggðar á óvönduðum bráðabirgðaáðgerðum.*
- *Að hún taki tillit til landgæða – túna og ræktarlands og spilli þeim ekki og gætt umhverfissjónarmiða við ráðstafanir vegna vatnsöflunar og fráveitu.*
- *Að í undirbúningi hennar séu gert grein fyrir áhrifum hennar á frekari uppbyggingu og breytingar á landnotkun.*
- *Að samræma hana með tilliti til samlegðaráhrifa hennar innan sveitarfélagsins.*

„Í Skaftafelli, við Jökulsárlón og á Höfn verða þjónustumiðstöðvar, en jaðarstöðvar og áningarstaðir á lykilstöðum í Suðursveit, Myrum, Nesjum og Lóni. Lykilstaðir eru þeir taldir sem sakir náttúrufrafs, sögu eða minja laða að sér ferðamenn. Áhersla er lögð á að á helstu áfangastöðum í fjalllendi og víðerni þjóni mannvirkjagerð fyrst og fremst útivist, en öll meirihattar uppbygging, gistiþjónusta og greiðasala eigi sér stað í tengslum við bæjarhlöð í sveitunum og á Höfn.“

Í gildandi stefnu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir meginseglum í ferðabjónustu og að áhersla verði á uppbyggingu í tengslum við þá sem þjónusti ferðamenn. Breytingin er að mati sveitarstjórnar í samræmi við setta stefnu sveitarfélagsins um að efla ferðabjónustu við megin segla og fjólsóttustu svæðin innan sveitarfélagsins. Við deiliskipulagsgerð fyrir svæðið skal þess gætt að stefna sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi um uppbyggingu stærri gististað verði meginmarkmið í skipulagsgerðinni.

Ekkert deiliskipulag er á svæðinu en taka þarf tillit til nærliggjandi deiliskipulagsáætlana s.s. deiliskipulag fyrir flugvallarsvæðið í landi Skaftafells 2/Freysness og deiliskipulag þjónustusvæðis Skaftafelli.

SAMBÝKKT RÁÐUNEYTIS

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi bréf til sveitarfélagsins dagsett þann 19. apríl 2017. Í bréfinu heimilar ráðuneytið að breyta landnotkun á því landi sem um ræðir í þessari breytingu úr landbúnaðarlandi í aðra landnotkun. Vísar ráðuneytið til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2014.

VEITUR

Við gerð deiliskipulags á svæðinu skal sérstaklega horft til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin fellst í því að landnotkun á svæðinu er breytt úr landbúnaðarlandi og skógræktar- og landgræðslusvæði í verslunar og þjónustusvæði.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um landnotkunarflokkinn verslun og þjónusta (VP):

„Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gisti húsn, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.“

Gert er ráð fyrir að heimila eftirfarandi uppbyggingu:

- Uppbyggingu á 35 litlum gisti húsum sem hvert um sig getur verið allt að 40m², samtals allt að 1.400m². Heimild verður því fyrir um 70 gestum í þessum húsum. Húsin skulu vera á einni hæð.
- Uppbyggingu á allt að 10 starfsmannaíbúðum, samtals allt að 1.000m². Heimild verður að reisa starfsmannaíbúðir til tímabundinnar búsetu fyrir starfsmenn á svæðinu sem tengjast þjónustustarfsemi. Slík húsnæði skulu vera innan landnotkunarinnar, verslun og þjónusta.
- Uppbygging verslunar- og þjónustubygginga, allt að 3.000m²

Gert verður ráð fyrir að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds líkt og krafist er í gildandi aðalskipulagi (bls. 41).


BREYTING Á UPPRÆTTI

Á upprætti fyrir Öræfi er verslunar og þjónustusvæði afmarkað og fær númerið VP 44. Svæðið er um 15 ha og skilgreint inni í landi Skaftafell III-IV .

BREYTING Í GREINARGERÐ

Í kafla 19 er bætt við línu í töflu nr. 19.1. Lína sem bætt er við töfluna vegna breytingar verður eftirfarandi:

Vb nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 44	Skaftafell III-IV. Ferðabjónusta, þjónustuhús, allt að 3.000 m ² í einu líti þrem húsum. Gistihús, allt að 35 hús sem hvert um sig getur verið allt að 40 m ² , húsin skulu vera á einni hæð. Starfsmannaíbúðir, lágrest, allt að 10 hús, samtals allt að 1.000m ² . Svæðisafmörkun – 15 ha.



Uppráttur eftir breytingu - mkv.1:50.000


UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu nr. 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Í skipulagsýsinguinni sem var sameiginleg fyrir fleiri breytingar voru eftirfarandi umhverfisþættir og matsspurningar settar fram og eru þær notaðar við að meta umhverfisáhrif breytingarinnar:

Tafla 1. Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.


UMHVERFISÞÁTTUR	MATSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Mun breytingin fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða bykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar
Gróður og dýralíf	Mun breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntufugundir?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafla IX. og áhersla á 61. gr. Reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar
Landnotkun	Mun breytingin hafa áhrif á notkun svæðisins til útivistar? Munu breytingin hafa áhrif á verndarsvæði?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafla IV. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar
Ásynnd og landslag	Mun breytingin hafa áhrif á ásynnd svæðisins? Mun breytingin hafa áhrif á landslagið? Mun breytingin hafa umtalsverð áhrif á náttúrulegt landslag?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 69. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?	Sett markmið í gildandi aðalskipulagi um að efla atvinnu í sveitarfélaginu.
Minjar	Mun breytingin hafa áhrifa á frídlýstar fornminjar? Munu breytingin hafa áhrif á frídlýstar minjar?	Lag nr. 80/2012 um menningarminjar Náttúruverndarlög nr. 60/2013 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar
Heilsa og öryggi (náttúruvá)	Er hætt á fliðum vegna fliða/jökulhupa þar sem fyrirhugað er uppbygging? Munu breytingin hafa áhrif á tengingar við þjóðveginn út frá umferðaröryggi?	Gildandi aðalskipulag, afmörkun svæða undir náttúruv. JSKulhoup í Öræfum og Markarfljóti vegna eлдgösu undir jökli. Foregning áhættumats. Magnús Tumi Guðmundsson o.fl.

1. Núll kostur, engar breytingar frá grunnástandi sem er einnig samkvæmt gildandi aðalskipulagi.
2. Uppbygging austan við núverandi gestastofu í Skaftafelli, land sem liggur austan núverandi þjónustubygginga, ofan aðkomuvegar að Skaftafelli.
3. Uppbygging innan Skaftafelli III-IV, land sem liggur neðan aðkomuvegar að Skaftafelli.



Skýringarmynd, bláu hringimir tákna staðsetningu kosts 2 og 3. Skjáskot af www.map.is/hofn/

SKÝRINGAR



Hluti af upprættir fyrir Öræfi - Aðalskipulags Hornarfjarðar 2012-2030

Tafla 2. Umhverfisáhrif breytingar.

VALKOSTIR	UMHVERFISÞÆTTIR						HEILSA OG ÖRYGGI
	Jarðfræði og Jarðmyndanir	Gróður og dýralíf	Landnotkun	Ásynnd og landslag	Minjar	Samfélag	
1.Núll kostur Engin uppbygging	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Litur á áhrifum vegna skorts á uppbyggingu á húsnæði fyrir starfsfólk og gestu sem vita geta í nálægð við Skaftafell. Áhrif hínavegar talin óveruleg.	Óveruleg áhrif
2. Uppbygging austanmei við núverandi gestastofu innan afbreytingar og ferðamannasvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Skaftafell	Óveruleg áhrif	Áhrifa geta gætt á skógrækt og landgræðslusvæði sem vænglega afbreytingar og ferðamannasvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Skaftafell. Áhrifa geta gætt á bankkagögnin en hana skal vernda skv. verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.	Engin áhrif á ræktað land, land er erlitt til ræktunar.	Uppbygging mun hafa áhrif á útsýni gesta frá þjónustuhúsum og meðhöf/Flóðsvæði að Svínafellskjöli og kann að hafa áhrif á upplifun.	Óveruleg áhrif	Trýggt uppbyggingu sem veitir starfsfólks betri aðstöðu og gestum fleiri valmöguleika í gistingu.	Óveruleg áhrif
3. Uppbygging við Skaftafell III - IV innan jarðar Skaftafell III-IV	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif svæðið er stöðugt, að hluta til ríftsvæði skv. Landgræðsluáætlun. Yfirleitt fylgir aukin gróður byggð.	Land erlitt til ræktunar, svæði stöðugt og rétt til útivistar. Áhrif óveruleg.	Áhrifa á ásynnd frá núverandi þjóðvegi m.a. að Skaftafelli eru talin neikvæð. Fyrirhugað er að færa hringveginn skv. gildandi skipulagi sem mun draga úr ásynnd en svæðið er óbyggj og því talið að áhrifa á ásynnd séu neikvæð.	Óveruleg áhrif	Trýggt uppbyggingu sem veitir t.d. starfsfólki betri aðstöðu og gestum fleiri valmöguleika í gistingu.	Rofsvæði skv. Landgræðslunni áhrif talin óveruleg. Land varð af varnargarði meðfram Skeiðará og Morsá. Hættu af fliðum óveruleg.



NIÐURSTAÐA UMHVERFISSKÝRSLU

Valkostur nr. 1 (núll kostur) er talin hafa engin eða óveruleg áhrif. Valkostur nr. 2 er ekki talin ákjósanlegur þar sem uppbygging er talin geta skyggt á ásynnd jökulsins og slíkt getur haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu. Einnig er valkosturinn ekki talin samræmast verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar um uppbyggingu innan þjóðgarðsins.

Valinn kostur, nr. 3 er í heildina talinn hafa óveruleg áhrif. Umrætt svæðið er ekki innan verndarsvæða eða hefur að geyma sérstakar jarðmyndanir eða gróður. Neikvæð áhrif geta orðið á ásynnd og landslag þar sem svæðið er flatlent og áberandi frá núverandi þjóðvegi. Samkvæmt gildandi skipulagi færast vegurinn og gefst þá tækifæri til að skilgreina núverandi þjóðveg á kafla sem ferðamannaveg þar sem mun minni og hægari umferð fer um. Uppbyggingin er talin geta þjónustað þá sem fara um veginn og eiga leið inn í Skaftafell. Með uppbyggingunni verður til samfella í byggð í og við Skaftafell og að Freysnesi. Hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum á ásynnd og landslag efi ferðar er eftir settri stefnu sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi um að vandað skuli til uppbyggingar með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds. Trygging skal með skilmálum í deiliskipulagi að svo verði á svæðinu. Sveitarstjórn hefur einnig við valkostagreiningu horft til settrar stefnu í aðalskipulagi um stærri gististaði: *„Stóra gististaði þarf að staðsetja með tilliti til landslags, byggðarmynsturs, samgangna og samlegðaráhrifa fyrir samfélag og markmið um sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Undirbúa því þessa mannvirkjagerð af kostgæfni og vanda hana – byggingarlag, efnisval og allar lausnir þannig að hún samsvari og sómi því umhverfi sem hún verður hluti af.“* Vegna aukningar í ferðabjónustu innan sveitarfélagsins þarf að styrkja svæðið við Skaftafell til að ráða betur við þann gestafjölda sem sækir svæðið líkt og tölur Ferðamálastofu gefa til kynna. Hluti af því er að auka framboð á gistingu, styrkja þjónustustig svæðisins og bæta möguleika og aðstöðu þess starfsfólks sem vinnur á svæðinu. Þá er æskilegt að styrkja atvinnulíf í sveitarfélaginu, m.a. með því að auka gistinguöguleika yfir vetrartímann sem getur skapað fleiri heilsársstörf í greininni. Það er því niðurstaða sveitarstjórnar að samþykkja breytingu aðalskipulags til að ná settum markmiðum og til að bregðast við þeim fjölda sem sækir þetta tiltekna svæði á hverju ári.

SAMBÝKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____